

Miðvikudaginn 6. október 1954.

Nr. 21/1954. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Sigurði Benediktssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáráar **Hæstaréttar**.

Brot á 116. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Opinber uppboð munu lítt hafa tíðkæzt hér á landi fyrr en á 18. öld, en á 19. öld eru þau orðin algeng söluaðferð, bæði um frjálsa sölu og nauðungarsölu og jafnt um sölu á fasteignum sem lausafé. Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. desember 1693, sem til er vitnað í ákæruskjali, mun aldrei hafa verið birt hér á landi og því ekki öðlæzt hér gildi sem sett lög. En tekið var að fylgja ákvæðum tilskipunar þessarar í framkvæmd fyrir aldamótin 1800 og byggt á þeim sem gildandi rétti í tilskipun frá 21. júní 1793, sem löglega var birt hér á landi árið 1794. Tilskipunin frá 1693 eða ákvæði úr henni hafa þannig verið framkvæmd hér á landi meira en hálfra aðra öld og jafnan verið tekin upp í lagasöfn um gildandi íslensk lög, og er þess þá að jafnaði getið, að tilskipunin hafi ekki verið birt hér, en fylgt í framkvæmd. Þar sem svo lengi hefur verið farið eftir ákvæðum tilskipunarinnar frá 1693, hafa þau helgæzt af venju og yngri lögum og orðið gildar íslenskar réttarreglur.

Þau ákvæði tilskipunarinnar, sem hér skipta helzt máli, eru í 1. og 5. gr. hennar. Segir þar, að mönnum skuli vera heimilt að láta selja fjármuni sína á opinberu uppboði, hvort heldur fasteignir eða lausafé, en þó verði það að gera menn þeir, sem til þess eru skipaðir, þ. e. bæjarfógetar í kaupstöðum og héraðsfógetar til sveita. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1943, og 2. gr. laga nr. 57/1949 fara nú með uppboð sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í Reykjavík.

Í framangreindri tilskipun frá 21. júní 1793 segir svo í 3. gr.: „Lausafjármuni má seljandi . . . láta flytja til sölunnar,

hvert er hann vill og þangað er hann ætlar, að þeir seljist bezt, og ber uppboðshaldaranum, þar sem þeir eru seldir, uppboðshaldið á þeim.“ Hefur þannig þegar á 18. öld verið ákveðið í settum lögum, að opinberir uppboðshaldarar einir hefðu rétt til að halda opinber uppboð. Nefnd 3. gr. er talin meðal lagaákvæða, sem felld voru úr gildi með 50. gr. laga nr. 57/1949, en þar sem þau lög taka ekki til frjálsra uppboða, eins og ljóst er af orðum þeirra og greinargerð við frumvarp til laganna, þá breytir þetta engu um réttarreglur þær, sem um frjáls uppboð hafa gilt og gilda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er öðrum mönnum en lögskipuðum uppboðshöldurum óheimilt að fara með opinbert uppboðshald. Ákærði hefur því með því að halda opinbert uppboð, svo sem í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 116. gr. laga nr. 19/1940. Og með því að fallast má á ákvæði hins áfrýjaða dóms um sektargreiðslu, vararefsingu og sakarkostnað, ber að staðfesta dóminn, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars Arnórssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1953.

Ár 1953, laugardaginn 7. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4548/1953:

Ákærvaldið gegn Sigurði Benediktssyni, sem dómtekið var 3. nóvember sl.

Málið er höfðað gegn Sigurði Benediktssyni verzlunarmanni, til heimilis í Borgarholti við Engjaveg hér í bæ. Er hann samkvæmt ákærskjali, dags. 19. ágúst sl., ákærður „fyrir brot á 116. gr. hegningarlaganna, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. tilskipunar um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, 29. gr. laga nr. 85/1936, 3. gr. laga nr. 65/1943 og 2. gr. laga nr. 57/1949, með því að halda uppboð á ýmsum listmunum í Listamannaskálanum 2. maí og 13. júní 1953 án þess að hafa til þess réttindi.

Ákærist því nefndur Sigurður Benediktsson til að sæta refsingu samkvæmt 116. gr. hegningarlaganna, nr. 19/1940, og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærður er fæddur 10. júlí 1911 á Barnafelli í Ljósavatnshreppi. Hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

- 1941 23/1 Sátt, 15. kr. sekt fyrir brot á reglum um blaðasölu barna og unglinga.
 1941 5/2 Sátt, 30 kr. sekt fyrir sams konar brot.
 1947 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1949 21/6 Dómur: Sýknaður af kæru fyrir meint tolllagabrot; sökin fyrnd.

Málavextir eru þessir:

Öndvert árið 1949 fór ákærður þess á leit við dómismálaráðuneytið, að það hlutaðist til um, að hann fengi skrásett hér í bæ uppboðsfirma, er hann hafði í hyggju að setja hér á stofn. Þessari mála-leitun ákærðs var synjað, þar sem dómismálaráðuneytið leit svo á, að starfræksla slíks uppboðsfirma væri andstæð lögum. Laugar-daginn 2. maí sl. hélt ákærður uppboð á ýmsum listmunum í Lista-mannaskálanum hér í bæ. Uppboð þetta fór fram án atbeina opin-berra aðilja. Leiddi þetta til þess, að rannsókn var fyrirskipuð á þessu athæfi ákærðs. Við rannsóknina upplýstist eftirfarandi:

Ákærður kvað það rétt, að hann hefði haldið nefnt uppboð án þess að hirða um að afla sér leyfis til uppboðsins, enda taldi hann þess ekki þurfa. Á uppboði þessu voru til sölu 48 myndir, eingöngu málverk eftir innlenda og erlenda málara. Skrá yfir sölumuni var tekin saman, þar sem veittar voru nokkrar upplýsingar um sölumuni. Mönnum gafst kostur á að kynna sér sölumuni í tvo daga fyrir uppboðsdag. Salan fór þannig fram, að hver hlutur var sýndur, mönnum gefinn kostur á að bjóða í og hluturinn síðan sleginn hæst-bjóðanda eins og á venjulegum uppboðum. Ekki var það skilyrði sett, að greiðslan færi fram við hamarshögg. Menn tóku ekki muni þá, sem þeir fengu sér slegna, fyrr en að uppboðinu loknu. Flestir greiddu við móttöku, en nokkrir fengu gjaldfrest, þó ekki lengri en tvo daga.

Eftir að rannsókn hófst í máli þessu, hélt ákærður annað uppboð eða 13. júní sl. Um uppboð þetta er nákvæmlega sama að segja og uppboðið 2. maí. Sömu reglur giltu. Á þessu uppboði voru til sölu 39 munir, mestmegnis málverk. Ekki hafði ákærður fremur en fyrr leyfi til uppboðs þessa.

Á uppboðum þessum seldust langflestir sölumuna. Ákærður fékk í uppboðslaun 18% af munum, er seldust undir kr. 1.000,00, og 14% af hlutum, sem seldust fyrir meira en kr. 1.000,00.

Ákærður nefndi þetta fyrirtæki Uppboðsfirmað.

Ákærður hefur smásöluverzlunarleyfi.

Ljóst er af framanskráðu, að ákærður hefur haldið uppboð á ýmsum munum. Hann kallar þetta uppboð, auglýsir það sem uppboð, nefnir fyrirtækið Uppboðsfirmað, sala munanna fer fram eins og á hverju öðru uppboði. Það blandast því ekki hugur um, að ákærður hefur efnt hér til uppboða.

Í lögum er ótvírætt gert ráð fyrir því, að uppboð megi ekki halda nema fyrir atbeina hins opinbera (fógeta), sbr. einkum 1. gr. tilskipunar um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. desember 1693, þar sem hverjum og einum er að vísu heimilað að selja fjármuni sína á opinberu uppboði, en það verða að gera þeir menn, sem til þess hafa verið skipaðir af hálfu hins opinbera (fógetar, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar), en tilskipun þessi gildir tvímælalaust hér á landi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það ljóst, að ákærður hefur tekið sér vald, sem ætlað er valdsmanni (fógetanum). Með því hefur hann gerzt sekur um brot á 116. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940. Ekki hefur verið gerð krafa til þess, að upp-tækur yrði gerður ágóði sá, sem ákærður hefur haft af broti sínu. Við ákvörðun refsingar þykir rétt að hafa þetta atriði í huga svo og, að ákærður efndi til annars uppboðs, eftir að rannsókn hófst í máli hans.

Samkvæmt 116. gr. hegningarlaganna og að öðru leyti með skírskotun til þess, er að framan greinir, þykir refsing ákærðs hæfilega ákveðin kr. 2.000,00 í ríkissjóð, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 600,00.

D ó m s o r ð :

Ákærður, Sigurður Benediktsson, greiði kr. 2.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., að upphæð kr. 600,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. október 1954.

Nr. 93/1951: **Sveinn Jónsson** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn
Sjóklæðagerð Íslands h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupkrafa. Aðgerðaleyfi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1951 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m., gerir þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 5.638,50 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1949 til greiðsludags, en *til vara* kr. 3.238,50 ásamt vöxtum eins og áður greinir. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinn Jónsson, greiði stefnda, Sjóklæðagerð Íslands h/f, kr. 1.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.